

Lausleg þýðing

Alþjóðleg ráðstefna til stuðnings Afganistan

París 12 júní 2008

Norðurlöndin Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð líta á Parísar ráðstefnuna sem kærkomið tækifæri til framlengja okkar sameiginlegu skuldbindingar og samvinnu við Afganistan, og fyrir afgönsk stjórnvöld að sýna staðfestu í að byggja upp lýðræðislegt, lögmætt og stöðugt ríki í samræmi við Afganistan samkomulagið.

Norðurlöndin samþykktu í apríl 2008 að fylgja sameiginlegri Norrænni aðgerðaráætlun til að styrkja og samþætta langtímaskuldbindingar sínar við Afganistan og alþjóðasamfélagið. Við leggjum eftirfarandi málefni fram til umræðu á ráðstefnunni.

Stuðningur við framkvæmd Afgönsku þróunaráætlunarinnar.

Við styðjum Afgönsku þróunaráætlunina (ANDS) sem grunn að sameiginlegri stefnu undir forystu Afgana. Við viljum styrkja enn frekar framkvæmd ANDS og forræði Afgana.

Fjárframlög geta ein og sér ekki leyst hin mörgu vandamál Afganistan. Afgönsk stjórnvöld verða að bæta ábyrgðaskyldur á öllum sviðum stjórnsýslunnar. Tryggja þarf alhliða og samræmda nálgun til uppbyggingar sjálfbærrar verkefna auk forgangröðunar milli verkefna. Styðja þarf við afganska stjórnsýslu, ábyrgðaskyldu og hæfni til að koma í veg fyrir sóun og mögulega óánægju styrkveitenda.

Áframhaldandi alþjóðlegur stuðningur við sterka forystu Sameinuðu þjóðanna.

Við viljum efla hlutverk UNAMA við að samræma og samþætta alþjóðlegasamvinnu er miðar að stöðugleika, enduruppbyggingu og þróun Afganistan jafnframt því að styrkja forystu Afgana.

Til að ná þessum markmiðum hvetjum við til aukinn viðveru UNAMA í héruðum landsins til að styrkja hæfni stjórnsýslu í héraði og efla eftirlit, aðgengi og aðgerðir í mannúðarmálum. Það er mikilvægt að UNAMA sé tryggt nægjanlegt fjármagn og mannaflí til að sinna skyldum sínum.

Aukinn árangur aðstoðar

Við höfum skuldbundið okkur til að auka árangur aðstoðar og tryggja að þróunaraðstoð nái til almennings í Afganistan og þjóni þannig fyrirhugum tilgangi sínum, og á sama hátt gera afgönskum stjórnvöldum kleift að gera slíkt hið sama.

Stuðningur okkar við almenning í Afganistan er byggður á Parísar yfirlýsingunni um árangur aðstoðar og gagnkvæma ábyrgð milli styrkveitenda og afganskra stjórnvalda. Aukin, óbundin, fyrirsjáanlegur langtímastuðningur er sérstaklega mikilvægur.

Efling lýðræðis og mannréttinda

Við lítum til ríkisstjórnar Afganistan um að sýna pólitíska seiglu og staðfestu í að byggja upp lögmætt, stöðugt og lýðræðislegt ríki. Það er sérstaklega rík þörf á áframhaldandi starfi að uppbyggingu lýðræðis og laga og mannréttinda, þar meðtalið tjáningarfrelsis.

Góð stjórnýsla og barátta gegn spillingu

Spilling á öllum sviðum stjórnsýslunnar veldur ennþá áhyggjum. Til að berjast gegn spillingu brýnum við fyrir afgönskum stjórnvöldum að sýna pólitíska forystu. Setja þarf af stað framkvæmdaáætlun til skemmri tíma með öflugum og sýnilegum aðgerðum. Að auki þarf að skýra uppbyggingu stofnanna og ábyrgð þeirra. Við leggjum áherslu á þörfina fyrir að tryggja framkvæmd sáttmála Sp gegn spillingu. Við erum tilbúin að styðja viðleitni afganskra stjórnvalda á öllum sviðum til að ná þessu markmiði.

Efling kynjajafnréttis og kvennréttinda

Við höfum áhyggjur af hæðum framförum kvennréttinda og kynjajafnréttis í samræmi við stjórnarskrá Afganistan og alþjóðlegar skuldbindingar landsins (CEDAW og ályktun 1325). Konur eru enn stór, ónýtt auðlind og gegna lykilhlutverki í baráttunni gegn fátækt, einangrun og ójöfnuði. Tækifæri kvenna til þátttöku í efnahagslífi, aðgengi þeirra að opinberri þjónustu, s.s. heilsugæslu og menntun, og möguleikar til að taka fullan þátt í samfélagi sínu til jafns við aðra, er undir stöðugum árásum og þrýstingi. Það er sterk þörf fyrir að sett verði viðmið um kynjamálefni og eftirlit aukið innan allra hluta afgönsku þróunaráætlunarinnar (ANDS) og innan marghliða og tvíhliða þróunarverkefna.

Öryggi sem lykill að því að byggja stöðugt ríki

Stöðug uppreisn, stríðsherrar og glæpastarfsemi, ásamt vaxandi eiturlyfjaiðnaði, ógna þróun í Afganistan. Á meðan uppreisninni hefur verið mætt með ákveðnum, alþjóðlega studdum hernaðaraðgerðum, þá fara oft stríðsherrar, glæpamenn og eiturlyfjaiðnaðurinn sínu fram án refsingar. Skortur á öryggi er svæðisbundin og er ekki hægt að leysa án aukinnar samvinnu á svæðinu. Við hvetjum alla hlutaðeigandi að auka viðleitni sína til að finna uppbyggilegar lausnir við málefnum sem ná yfir landamæri landa.

Frjálssar og réttláta kosningar eru forsenda lögmæts ríkisvalds

Næstkomandi kosningar eru mikilvægar til tryggja stöðugleika veikburða afganskt lýðræðis. Við erum staðráðin í að veita samstilltan stuðning við allar hliðar þeirra áskorana sem kosningaferlið í Afganistan stendur frammi fyrir, hvort sem þær eru pólitískar, hagnýtar, eða fjárhagslegar. Til að kosningarnar verði farsælar þá hvetjum við aðra í alþjóðasamfélaginu að styðja ferlið að fullu.

Að endingu, að byggja upp öflugt og sjálfstætt borgaralegt samfélag, að styrkja frelsi fjölmiðla og tjáningarfrelsið er mikilvægt fyrir framtíð Afganistan. Það er grundvallaratriði að kosningarnar séu hannaðar og framkvæmdar á þann hátt sem eykur hlut t.d. kvenna, minnihluta og fátækra í opinberum málum.